

2016 -2017

Síðasti leikskóladagurinn

25. júlí 2017 - Jónas E. Ólafsson



Erna og Ronja stóðu sig vel

Síðasti opnunardagur leikskólans var 12. júlí s.l. Af því tilefni voru pylsur í matinn, sem nemendum þótti ekki verra. Þennan dag buðum við þeim Ingu og Söru að borða með okkur og þáðu þær boðið. Þær hættu störfum við leikskólann frá 1. júní, eftir áratugastarf og þótti okkur tilhlýðilegt að afhenda þeim þakklætisvott fyrir mjög vel unninn störf í gegnum árin. Þær Erna og Ronja afhentu þeim fugla frá henni Rósu og gjafabréf frá Gistiheimilinu á Egilsstöðum. Anna Birna og Máni stóðu vaktina í leikskólanum þennan dag og gekk allt prýðisvel. Leikskólinn opnar svo aftur 10. ágúst n.k.

Skólaslit

07. júní 2017 - Björgvin Valur Guðmundsson



Tristan Blær hefur lokið fyrsta bekk.

Skólanum var slitið á fimmtudaginn og börnin hlupu glöð út í sumarið en vonandi hlakkar þau til að koma aftur næsta vetur.

Því er nefnilega þannig háttað hjá okkur að í vetur var enginn tíundi bekkur því ættu allir sem voru hérna síðastliðinn vetur að skila sér aftur í haust.

En myndavélin var á lofti og [hérna er hægt að skoða myndirnar.](#)

Starfsfólk Stöðvarfjarðarskóla þakkar fyrir samstarfið í vetur.

Síðasti vordagurinn

01. júní 2017 - Jónas E. Ólafsson



Rigning, rigning og meiri rigning. Ætluðum að gróðursetja, mála o.m.fl., en ákveðið var að vera bara inni þennan morgun. Kennarar settu upp ýmsar stöðvar og voru nemendur virkir þar.

[Sjá myndir](#)

Vordagar 2017

30. maí 2017 - Solveig Friðriksdóttir



Tröllapabbi

Þessa vikuna eru vordagarnir í fullum gangi í Stöðvarfjarðarskóla. Eldri nemendur hafa stússað í útikennslustofunni okkar og yngri nemendur sóttu sér fjörugrjót og hafa hannað tröll sem á að fara með út í Nýgræðing.

Einnig hafa nemendur á Eldra og Yngra stigi teiknað fallegar myndir sem fara á kortin sem nemendur bera í hús í þorpinu þar sem þorpsbúar fá fallega sumarkveðju.

Á morgun miðvikudag er starfsdagur kennara og nemendur geta hvílt sig fyrir lokadaginn, þriðja vordaginn og skólaslit.

Við höfum mundað myndavélina í vinnunni okkar síðustu tvo daga og myndirnar er hægt að sjá hér fyrir neðan.

[Hér koma myndir frá degi eitt](#)

[Hér koma myndir frá degi tvö](#)

Sundkennsla vorið 2017

08. maí 2017 - Jónas E. Ólafsson



Sundkennslan hefst mánudaginn 15. maí. Kennnt verður í 3 hópum í sjö virka daga í röð. Kennsludagarnir verða: 15., 16., 17., 18., 19., 22. og 23. maí. Kennari verður Vilberg Jónasson, íþróttakennari við Grsk. Fáskrúðsfjarðar.

Tímasetning:

kl. 13-14 1.-4. bekkur

kl. 14-15 5.-7. bekkur

kl. 15-16 8.-10. bekkur

Hópaskipting (endanleg):

Nemendur í sundkennslu vorið 2017		
13:00 - 14:00		
1. bekkur	Gabríela Wíium	9
	Tristan Blær Kjartansson	
2. bekkur	Sólveig Björg Þórarinsdóttir	
	Dóra Maggý Friðjónsdóttir	
	Viktoría St. Björnsdóttir	
3. bekkur	Ernst Ingólfur Gasser	
	Gunnar Bjarni Borgarsson	
	Dagbjört Elíasdóttir	
	Katrín Lilja Jóhannsdóttir - Gestanemandi	
14:00 - 15:00		
4. bekkur	Dalía Sif Ágústsdóttir	13
	Matthildur Marín Jóhannsdóttir	
	Ríkey Perla Arnarsdóttir	
	Dagur Karl Hólmarsson	
	Emil Valtingojer Paták	
	Margarette Björg Sveinbjörnsdóttir	
	Mörk Starradóttir	
5. bekkur	Stefán Arnórsson	
	Hanna Dís Björgólfsdóttir	
	Hreindís Starradóttir	
	Natalía St. Björnsdóttir	
6. bekkur	Sigurliilja Kamilla Arnarsdóttir	
	Einar Örn Valdimarsson	
15:00 - 16:00		
7. bekkur	Luciana Fernandez	12
	Unnar Karl Árnason	
	Jónatan Emil Sigþórsson	
	Kristín Ilmur Hólmarsdóttir	
8. bekkur	Karín	
	Axel Eide Ingþórsson	
9. bekkur	Ana Lucia Fernandez	
	Aþena Sól Káradóttir	
	Guðni Berg Hauksson	
	Máni Þorsteinsson	
10. bekkur	Guðrún Björg Róbertsdóttir	
	Katrín Birta Björgvinsdóttir	
	Grunnskóli Breiðdalshrepps	
	Stöðvarfjarðarskóli	

Í Álfabyggðinni

28. apríl 2017 - Björgvin Valur Guðmundsson



Tíu snillingar

Álfabyggðin er svæði sem er upp með Einarstaðaá ytri og þar erum við langt komin með að reisa útikennslustofu.

Við fórum þangað í morgun með Yngra stigið til að kanna vettvanginn en á vordögum munum við líklega halda áfram framkævmum og reyna að ljúka við útikennslustofuna og eitthvað af því sem henni mun fylgja.

Auðvitað brugðu börnin á leik og ég er viss um á álfunum þarna var alveg sama. Þeir eru orðnir vanir okkur.

[Myndir hérna, gjörð þið svo vel.](#)

Stöðvarfjarðarskóli – lausar stöður leikskólakennara

25. apríl 2017 - Jónas E. Ólafsson



Stöðvarfjarðarskóli auglýsir lausar til umsóknar tvær stöður (samtals 1.5 stg.) við leikskólann frá og með júní 2017. Önnur þeirra er tímabundin í 6 vikur frá 1. júní.

Stöðvarfjarðarskóli er samrekinn leik- og grunnskóli og hefur starfað sem slíkur frá árinu 2012. Að auki starfa tónlistarskóli og bókasafn í sameiginlegu húsnæði með okkur. Í skólanum ríkir góður starfsandi og mikið og gott samstarf er á milli þessara deilda.

Leikskólinn nýtir uppeldisaðferðirnar Uppeldi til ábyrgðar og ART. Skólinn tekur virkan þátt í ýmsu þróunarstarfi með öðrum skólum í Fjarðabyggð s.s. „Bættum námsárangri í læsi og stærðfræði“.

Nánari upplýsingar má sjá á heimasíðu skólans: www.stodvarfjordur.is

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur er til 12. maí n.k.. Nánari upplýsingar veitir Jónas E. Ólafsson, skólastjóri í síma 475-9030/897-1962 og á netfanginu jonas@skolar.fjardabyggd.is

Páskaleyfi

07. apríl 2017 - Jónas E. Ólafsson



Skólabyrjun eftir páskaleyfi verður miðvikudaginn 19. apríl kl. 8.00. Starfsdagur kennara verður haldinn á Fáskrúðsf. daginn áður. Leikskólinn verður opinn alla virka daga, eins og áður.

Skíðaferð í Oddsskarði

30. mars 2017 - Jónas E. Ólafsson



Miðvikudaginn 29. mars s.l. fóru nemendur í Oddsskarðið. Við vorum mjög heppin með veður og færi. Allir duglegir og ferðin almennt vel heppnuð. [Nokkrar myndir](#)

Föstudagur á Breiðdalsvík

19. mars 2017 - Björgvin Valur Guðmundsson



Og hérna eru svo myndir frá síðasta deginum okkar á Breiðdalsvík að þessu sinni.

Fimmtudagur á Breiðdalsvík

16. mars 2017 - Björgvin Valur Guðmundsson



Myndalbúmið er hér.

Miðvikudagur á Breiðdalsvík

15. mars 2017 - Jónas E. Ólafsson



Skúffukökuhópurinn

[Fleiri myndir...](#)

Priðjudagur á Breiðdalsvík

14. mars 2017 - Jónas E. Ólafsson



Aðeins að kíkja í símann!!!

[Fleiri myndir...](#)

Mánudagur á Breiðdalsvík

14. mars 2017 - Jónas E. Ólafsson



Jónatan kannast við þennan bát

Þessa vikuna verðum við með skólahaldið á Breiðdalsvík og tökum þátt í þemadögum. Þar verða margar smiðjur á dagskrá m.a. dans, ljósmyndun, fjölmiðlun, myndlist, hreyfing, jóga, tónlist, leiklist, snyrtifræði, MasterChef o.fl. [Hér eru nokkrar myndir.](#)

Töfrar

08. mars 2017 - Björgvin Valur Guðmundsson



Merkilegt hvernig þessar rauðu kúlur komu og fóru

Töframaðurinn Einar Mikael kom við hjá okkur í morgun og hafði í frammi galdra og sjónhverfingar.

Börnin aðstoðuðu hann og svei mér þá ef það leynast ekki nokkrir efnilegir töframenn á meðal nemenda hérna í Stöðvarfjarðarskóla. Hvernig gátu þeir annars látið borð svífa í lausu lofti, töfrað nærbuxur upp úr hatti eða fest saman tvo spotta hraðar en auga á festi?

Eva María tók myndir og [hérna eru þær](#).

Öskudagsfjör

03. mars 2017 - Björgvin Valur Guðmundsson



Prinsessa á handklæði.

Það var gríðarlegt stuð hérna í Stöðvarfjarðarskóla á Öskudaginn en þá marseruðu furðuverur sem mætt höfðu í skólann í stað barnanna niður í íþróttahús.

Þar var keppt í ýmsum þrautum, marserarð og blessaður kötturinn sleginn úr tunnunni. Að því loknu var farið inn á Brekku þar sem haldið var pylsupartí í tilefni dagsins.

Myndavélin var að sjálfsgöðu með í för og [hérna má sjá myndirnar sem úr henni komu](#).

Vindmyllur

10. febrúar 2017 - Björgvin Valur Guðmundsson



Við fengum skemmtilegan gest í heimsókn í morgun en það var Baldur Brynjólfsson, kennari við Háskóla Íslands, sem kom og fræddi börnin um vindmyllur og orku í allskyns myndum.

Og gestirnir urðu fleiri, og ekki síður skemmtilegir, en það voru nemendur og starfsfólk úr Grunnskóla Breiðdalshrepps sem voru mætt til að fræðast með okkur.

Reistar voru vindmyllur sem framleiddu rafmagn þegar þær snerust og svo var dæminu snúið við; vindmyllunum var snúið með rafmagni úr rafhlöðum og handknúnum rafal.

[Látum myndirnar tala.](#)

Starfsdagar og vetrarfrí

23. janúar 2017 - Jónas E. Ólafsson



Dagana 25. - 30. janúar bregður starfsfólk undir sig betri fætinum og heldur á vit tækninýjunga í London. Þar fer fram stórsýningin "British Education and Training Technology" skammstöfuð BETT 2017.

Bett hentar öllum sem hafa áhuga á upplýsingatækni og skólastarfi. Þar eru fjölbreyttar lausnir kynntar á aðgengilegan hátt og hægt að kynnast notkun þeirra frá fyrstu hendi. Bett er ekki eingöngu tæknisýning heldur vettvangur breytinga á kennsluháttum með notkun upplýsingatækni. Frábær sýning fyrir kennara sem vilja kynna sér nýjungar og þarna verða yfir 35 þúsund gestir og ótrúlegur fjöldi sýnenda.

Leik- og grunnskólinn verður því ekki starfandi þessa daga (eins og áður var auglýst). Sjáumst þriðjudaginn 31. janúar n.k.

Engar afsakanir

05. janúar 2017 - Björgvin Valur Guðmundsson



Nemendur í miðlun og nokkrir aukaleikarar, unnu myndband fyrir hljómsveitina Vamos en í henni eru bræðurnir Vinny og Tom auk þess sem trommarinn Jón Knútur spilaði með í þessu lagi.

Lagið var tekið upp í Sköpunarmiðstöðinni á Stöðvarfirði þar sem nú rís Studio Silo og er forsmekkurinn að þeim gæðum sem þaðan munu koma.

Hérna er svo myndbandið góða og lagið heitir No Excuses, eða Engar afsakanir

Myndir

20. desember 2016 - Ingibjörg Eyþórsdóttir



Góðan daginn gott fólk. Það eru komnar inn myndir af viðburðum haustannarinnar á leikskólanum, svo sem afmæli - gönguferðir - bangsadagur - umferðavika/lögregluheimsókn og margt fleira.

Gjörið svo vel.

kveðja, starfsfólk.

Myrkur

16. desember 2016 - Björgvin Valur Guðmundsson



Í morgun fóru nemendur og kennarar við Stöðvarfjarðarskóla í gönguferð um skóginn í Nýgræðingi. Það var koslvarta myrkur en þar sem allir voru vel ljósum búnir, var ekkert að óttast. Eða næstum því.

Í miðri göngu voru borðaðar smákökur og þeim skolað niður með heitu kakói. Úr varð hin notalegasta stund og leit að skrímslum og forynjum varð árangurslaus að þessu sinni.

Í albúminu hér að neðan eru fleiri myndir.

Jólakvöld, Litlu jólin o.fl.

07. desember 2016 - Jónas E. Ólafsson



Viktoria með sýnikennslu.

Ágætu foreldrar/forráðamenn

Ákveðið var að færa s.k. Jólakvöld sem vera átti í kvöld til mánudagsins 12. desember. Borið hefur á veikindum hjá nemendum og vonandi verða allir heilir heilsu á mánudaginn. Fyrirhugað er að byrja kl. 19.30 og vera til ca. 21.00. Farið verður í borðspil, Ólsen-Ólsen keppni og Bingó. Verðlaun verða í boði. Á milli spila verður boðið upp á kakó og piparkökur. Mikilvægt er að foreldrar/forráðamenn mæti með og eigi ánægjulega stund með börnunum.

Litlu jólin verða svo viku síðar, þann 19. desember kl. 14.00-16.00 og eru sameiginleg með leikskólanum. Þar vilja nemendur hafa pakkarugling að verðmæti allt að 500 krónum.

Byrjum svo á nýju ári þann 3. janúar kl. 9.40.

Minni svo á 4 nemendafrísdaga í lok janúar, þar sem starfsmenn skólans fara til London á ráðstefnu (sjá skóladagatal).

Ævintýrið um Kúrekann og Gvendólín Gloss

25. nóvember 2016 - Björgvin Valur Guðmundsson



Í gærkvöldi sýndu nemendur við Stöðvarfjarðarskóla leikritið Ævintýrið um Kúrekann og Gvendólín Gloss og var sýningunni vel tekið af áhorfendum sem voru fjölmargir. Við skulum ekki orðlengja þetta neitt, heldur vinda okkur beint í að horfa á myndband af leikritinu:

Árshátíð 2016


23. nóvember 2016 - Björgvin Valur Guðmundsson



Árshátíð Stöðvarfjarðarskóla verður haldin 24. nóvember klukkan 18:00

Ævintýrið um Kúrekann og Gvendólín Gloss

Leikrit í rúmlega 4 þáttum, eða tæplega það



Sýnt í Stöðvarfjarðarskóla, fimmtudaginn

24. nóvember, klukkan 18:00.

Aðgangseyrir kr. 1000 fyrir fullorðna og

kr. 500 fyrir grunnskólabörn

Veitingar í boði ferðahóps og foreldrafélags

Eldgos í Stöðvarfirði

21. nóvember 2016 - Solveig Friðriksdóttir



Miðvikudaginn 16. nóvember gusu níu eldfjöll í Stöðvarfjarðarskóla.

Eldfjöllin eru hluti af verkefni í Byrjendalæsi og samfélags- og náttúrufræði hjá Yngra stigi. Unnið var með bókina Komdu og skoðaðu eldgos og gerðu nemendur ýmis verkefni tengd því efni.

Hver og einn nemandi gerði sitt eigið eldfjall úr pappmassa. Það var síðan málað og að lokum lakkað. Eldgos var framkallað með því að setja 1 tsk af natroni í fjallið og svo var blöndu af ediki, uppþvottalegi sem litað var með matalit, bleki og gulum lit hellt út í og þá gaus fjallið. Hvert gos var einstakt og mikill spenningur hjá öllum eldfjallafræðingunum.

Við settum saman myndband frá eldgosunum níu sem hægt er að .

Myndir úr vinnunni getið þið svo [séð hér](#).

Frestun á árshátíð

09. nóvember 2016 - Jónas E. Ólafsson



Frá æfingum í fyrra.

Vegna anna, frestum við árshátíð er vera átti þ. 10. okt. skv. skóladagatali. Hún verður þess í stað fimmtudaginn 24. okt. n.k. Nemendur eru þegar byrjaðir að æfa fyrir hana.

Svartur dagur

02. nóvember 2016 - Solveig Friðriksdóttir



Í tilefni af viðburðinum Dagar myrkurs höfðum við svartan dag í skólanum í dag. Nemendur og starfsfólk grunn og leikskólans mættu í svörtum fötum og ýmsir ansi skuggalega málaðir líka. Kennslan var hefðbundin en með nokkuð myrku ívafi.

Leikskólabörnin lituðu og teiknuðu nornamyndir og ýmislegt því tengt og lesnar og sagðar draugasögur. Á Yngra stigi var yndislestur við kertaljós, sagan um Djáknann á Myrká var lesin fyrir grunnskólanemendur og þeir horfðu á vídeó tengt því efni. Ýmis verkefni voru unnin bæði í Byrjendalæsi og Orð af orði.

Dagurinn var notalegur þó hann væri drungalegur og á morgun verður boðið upp á svart nammi á Bókasafninu og lesin draugasaga.

Myndir dagsins voru teknar á Yngra og Miðstigi og hægt er að skoða þær [hér](#).

Sviðslistir

01. nóvember 2016 - Jónas E. Ólafsson



S.I. tvær vikur hefur Íris Lind Sævarsdóttir, fræðslufulltrúi Menningarmiðstöðvar Fljótshéraðs heimsótt okkur í skólann. Hún hitti eldri nemendurna og fólst í verkefninu eftirfarandi:

10 mín: Upphitun með léttum leiklistaræfingum til að hrista hópinn saman.

60 mín: 3-4 leiklistaræfingar mismunandi eftir hópum og aldri og samsetningu.

10 mín: Slökun

Þemað: Frjáls líkami (líða vel í eigin skinni) og aukið sjálfstraust.

Danskennslan

26. október 2016 - Jónas E. Ólafsson



Danskennslunni lauk í gær. Þar sameinuðust skólarnir á Stöðvarfirði og í Breiðdal um kennsluna. 35 börnum var skipt í 3 hópa og fór kennslan fram í frystihúsinu á Breiðdalsvík í 2 daga og í Sköpunarmiðstöðinni á Stöðvarfirði í 2 daga. Tókst alveg ljómandi vel. Kennarar voru Tal Strauss (píanó) og Carcom Sheffer (dans) og eru þau gestanemendur í Sköpunarmiðstöðinni. [Nokkrar myndir.](#)

Vetrarfrí

26. október 2016 - Jónas E. Ólafsson

Vetrarfrí verður í grunnskólanum 27. - 28. okt. Starfið hefst aftur mánudaginn 31. okt. Leikskólinn verður opinn að venju.

Byrjendalæsi - risaeðlur

12. október 2016 - Guðrún Ármannsdóttir



Risaeðlutími

Nemendur á yngra stigi hafa verið að læra um risaeðlur. Óhætt er að segja að þeir hafi verið áhugasamir. Margt hafa þeir lært til dæmis að risaeðlur voru uppi á miðlífsöld og hún skiptist í trées- júra og kítartímabil. Yngstu nemendurnir gerðu líkan af umhverfi risaeðlanna. [Sjá myndir.](#)

Byrjendalæsi

05. október 2016 - Jónas E. Ólafsson



Nemendur kappsamir í vinnunni. Sumir að fást við skrímsli og aðrir að vinna með rebba. [Sjá fleiri myndir.](#)

Gjöf til Stöðvarfjarðardeildar RKÍ

22. september 2016 - Jónas E. Ólafsson



Flott mæðgin.

Ferðahópur síðasta árs (Dýrunn, Kolbrún og Máni) ákvað að styrkja Rauða krossinn á Stöðvarfirði. Eftir ánægjulegt skólaferðalag til Hollands, s.l. vor, náðist ekki að "eyða" öllum aurunum sem þau voru búin að safna fyrir. Vegna velvilja fólks á Stöðvarfirði við söfnunina ákvað hópurinn að afhenda deildinni 50 þúsund krónur. Á myndinni sést Máni afhenda formanninum styrkinn (skyldu þau þekkjast eitthvað?)

Rafrænt samr.könnunarpróf í 7.b.

22. september 2016 - Jónas E. Ólafsson



Báðir nemendurnir niðursokknir í morgun. Úff... íslenskupróf.

[Myndir](#)

Fræðslufundur á Reyðarfirði

16. september 2016 - Jónas E. Ólafsson



Kynning á læsissáttmála fyrir foreldra og skólafólk í Fjarðabyggð.

Miðvikudaginn 21. sept. kl. 18:00 í Grunnskólanum Reyðarfirði.

Vilt þú vita hvað þú getur gert til þess að stuðla að bættu læsi barnsins þíns?

Vonumst til að sjá sem flesta.

Heimili og skóli

Sundkennsla haustið 2016

24. ágúst 2016 - Jónas E. Ólafsson



Sundkennslan hefst mánudaginn 29. ágúst. Kennt verður í 3 hópum í sex daga. Kennsludagarnir verða á mánudögum og fimmtudögum þ.e. **29. ágúst, 1. sept., 5. sept., 8. sept., 12. sept. og 15. sept.** Kennari verður Vilberg Jónasson, íþróttakennari við Grsk. Fáskrúðsfjarðar.

kl. 13-14 1.-3. bekkur

kl. 14-15 4.-6. bekkur

kl. 15-16 7.-10. bekkur

Nafnalistinn:

Nemendur í sundkennslu haustið 2016	
1. bekkur	Gabríela Wíium
	Tristan Blær Kjartansson
2. bekkur	Sólveig Björg Þórarinsdóttir
	Dóra Maggý Friðjónsdóttir
	Viktoría S. Björnsdóttir
3. bekkur	Ernst Ingólfur Gasser
	Gunnar Bjarmi Borgarsson
4. bekkur	Dalía Sif Ágústsdóttir
	Matthildur Marín Jóhannsdóttir
	Ríkey Perla Arnarsdóttir
	Margarette Sveinbjörnsdóttir
	Mörk Starradóttir
	Dagur Karl Hólmarsson
	Emil Paták Valtingoer
5. bekkur	Stefán Arnórsson
	Hanna Dís Björgólfsdóttir
	Hreindís Starradóttir
	Natalía S. Björnsdóttir
6. bekkur	Sigurlilja Kamilla Arnarsdóttir
	Einar Örn Valdimarsson
	Fritz Fabian Haraldsson
7. bekkur	Luciana Fernandez
	Unnar Karl Árnason
	Jónatan Emil Sigþórsson
	Kristín Ilmur Hólmarsdóttir
8. bekkur	Guðni Már Valdimarsson
	Axel Eide Ingþórsson
9. bekkur	Analucia Fernandez
	Aþena Sól Káradóttir
	Guðni Berg Hauksson
	Máni Þorsteinsson
10. bekkur	Guðrún Björg Róbertsdóttir
	Katrín Birta Björgvinsdóttir
	Grunnskóli Breiðdalshrepps
	Stöðvarfjarðarskóli

Skólabyrjun

08. ágúst 2016 - Jónas E. Ólafsson



Starfsemi leikskólans hefst miðvikudaginn 10. ágúst eftir 4 vikna sumarlokun. Grunnskólabörn mæta þriðjudaginn 23. ágúst kl. 10. og fá þar afhentar stundarskrár. Athugið að innkaupalisti verður ekki gefinn út að svo stöddu. Hann minnkar alltaf ár frá ári og er reynt að halda þeim kostnaði niðri eins og hægt er. Þar mun skólinn að einhverju leyti taka þátt.